

## Fundargerð

Fundur í stjórn Siðfræðistofnunar, haldinn fimmtudaginn 21. september 2000, kl. 12:00.

Mætt voru: Vilhjálmur Árnason formaður, Björn Björnsson, Irma Sjöfn Óskarsdóttir, og Salvör Nordal.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram og samþykkt.
2. Vilhjálmur skýrði frá fundi hans og starfsmanns með Halldóri Jónssyni og Þórði Kristinssyni um stöðu stofnunarinnar og reglugerðarvinnu. Á þeim fundi kom fram að Siðfræðistofnun stæði fram fyrir tveimur kostum: Annars vegar að heyra undir Háskólaráð eins og Sjávarútvegsstofnun og Umhverfisstofnun, og sækja til þess um fjárveitingu til rekstursins. En þessar stofnanir eru fyrst og fremst þjónustustofnanir og þverfaglegar. Hins vegar getur stofnunin sótt um að vera stofa innan Hugvísindastofnunar líkt og aðrar rannsóknastofnanir deildarinnar, s.s. Heimspekistofnun. Ef þessi leið yrði farin fengi stofnunin fast framlag á ári en öll umsýsla færi fram í gegnum Hugvísindastofnun. Þessi leið myndi spara umtalsverða vinnu við reglugerð og rekstur. Vilhjálmur sagði að bæði Þórður og Halldór hefðu látið í ljósi þá skoðun að síðari kosturinn væri eðlilegri ef Siðfræðistofnun skilgreindi sig fyrst og fremst sem rannsóknarstofnun. Talsverðar umræður urðu um málið og töldu stjórnarmenn eðlilegt að heyra hvernig rektor litist á málin áður en ákvörðun væri tekin.
3. Vilhjálmur greindi frá hugmyndum um að flytja stofnunina úr Skólabæ og nær akademísku umhverfi. Hann sagði að einkum tveir kostir hefðu verið ræddir. Í fyrsta lagi að flytja stofnunina í húsnæði Hugvísindastofnunar en þar væri nú laus ein skrifstofa. Efaðist hann þó um að stofnunin fengi nægilega mikið rými þar. Í öðru lagi nefndi hann þann möguleika að flytja stofnunina í Reykjavíkur Akadémíuna, en þar gæti boðist meira pláss. Vilhjálmur sagðist telja að hvor þessara kosta væri óháður því hvaða stöðu stofnunin hefði innan Háskólans (sbr. lið 1).
4. Fjárhagsyfirlit fyrir janúar til september lagt fram ásamt áætlun fyrir síðustu mánuði ársins. Reksturinn hefur rétt talsvert úr kútnum á árinu. Nokkrar leiðréttingar voru gerðar á áætluninni og lítur út fyrir að halli ársins verði um þrjár milljónir í lok árs í stað rúmra fimm milljóna í byrjun þess.
5. Rætt um möguleika stofnunarinnar á að leggja fram 200 þúsund í gerð heimspekivefs. Voru stjórnarmenn því samþykkir ef hægt væri að færa kostnaðinn á komandi ár.
6. Björn greindi frá stöðu þýðingar á Teologisk Ethik sem nú er komin á lokastig. Við yfirlestur hefur verið farin sú leið að þýðandi hefur hitt Björn og Jón Kalmannsson á fundi þar sem farið hefur verið yfir álitamál.

7. Síðasta föstudag, 15. sept. var haldið málþing um bókina *Hvers er siðfræðin megnug?* Þótti það takast vel. Vilhjálmur skýrði frá því að málþingið um fósturrannsóknir væri í biðstöðu en yrði vonandi nú á haustmánuðum. Þá var rætt um Skálholtsfund í október um auðlindir. Björn lýsti yfir efasemdum um að tekin yrði fyrir auðlindamál þar sem skýrsla Auðlindanefndar kemur á næstu dögum. Slíkur fundur gæti verið of fljótt ofan í umræðuna. Rætt um aðra kosti eins og samþykki í rannsóknum og fósturrannsóknir.
8. Vilhjálmur greindi frá hugmyndum um að Siðfræðistofnun sinnti rannsóknum í þróunarmálum, þ.e. málefnum þróunarlandanna. Í næsta mánuði fer hann bæði til Aberdeen og Stokkhólms og hittir siðfræðinga sem hafa sinnt þessum málaflokki.

Fundi slitið ca. 13:45

S.N.